

Dagsetning: 30. janúar 2023  
Efni: Viðhaldspörf götulýsingar  
Höfundur: Ármann V. Sigurðsson

Málsnúmer  
1804059

### Viðhaldspörf götulýsingar

Búið er að skipta út ljóskerjum fyrir LED í báðum þéttbýlum. Eftir er að skipta út um tuttugu ljóskerjum á Siglufirði og verður það klárað á þessu ári.

Á Siglufirði er ástand götulýsingar heldur lakara en á Ólafsfirði. Staurar eru eldri og farið er að bera á bilunum í strengjum í jörðu. Búið er að endurnýja streng við Ránargötu og Tjarnargötu, það var gert sumarið 2022. Einnig hafa verið endurnýjaðir rúmlega tuttugu staurar á eyrinni frá árinu 2019.

Á Ólafsfirði er ástand götulýsingar töluvert betri en á Siglufirði. Staurar eru yngri og ekki hefur borið á eins miklum bilunum í strengjum. Endurnýja þarf fjögur LED ljósker í Ólafsvogi sem sett voru af Rarik áður en Fjallabyggð tók yfir lýsinguna, það verður gert á þessu ári.

Meðfylgjandi er staðgreint yfirlit yfir viðhaldspörf í kerfinu. Ekki er komið kostnaðarmat á aðgerðirnar að svo stöddu.



Fjallabyggð  
Deildarstjóri  
tæknideildar

Ármann Viðar Sigurðsson  
Deildarstjóri tæknideildar

Götuheiti Ólafsfjörður	Skemmdir strengir	Bleita í strengjum	Ljótir staurar	Annað
Hlíðarvegur	allur á 1 fasa			
Brimnesvegur	allur á 1 fasa			
Vesturgata			3 staurar ljótir (málaðir )	
Túngata	Skemmdir fasar			Búið að gera við hluta
Strandgata / Austurstígur				þarf að fjölga staurum
Sjávargata / Námuvegur				þarf að fjölga staurum
<b>Götuheiti Siglufjörður</b>				
Norðurgata		Bleita í strengjum		
Aðalgata		Bleita í strengjum		Vantar að klára á torgi
Eyrargata		Bleita í strengjum		
Vetrarbraut	Skemmdur strengur			Ljótir endar í staurum
Grundargata 12-24			Skemmdir staurar	
Suðurgata 26- 40	Bilaður 1 fasi			
Hlíðarvegur 3c-7c-7b	Bilaður 1 fasi			Staurar inn í gördum
Hlíðarvegur 33-35		Bilaður strengur		Búið að skipta um
Lækjargata 1			Ónýtur staur	
Þormóðsgata 26			Breyta staur	

Ath Megnið að ljósa staurum á Siglufirði er á 3x230v kerfi (hefur ekki verið spennubreytt) og þarf því að setja öryggi á báða fasa.

Ath Þónokkuð af staurum á Siglufirði eru beyglaðir og með skemmd lok (vantar lok og hefur verið sett blikk í staðin)